

Nd.

269. Breytingartillaga

[60. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18 21. febr. 1956, um breyt. á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá Geir Gunnarssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Enn fremur er biskupi heimilt að ráða prestvígðan mann sem æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar til að aðstoða við æskulýðsstarfsemi í söfnuðum landsins.

Æskulýðsfulltrúi þjóðkirkjunnar skal ráðinn til allt að 3 ára í senn, og skal hann hafa sömu laun og sóknarprestar.

Laun æskulýðsfulltrúa svo og ferðakostnaður vegna starfa hans skulu greidd úr prestakallasjóði.